

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

221. fundur Skipulags- og umhverfísráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **2. maí 2013 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: Skipulagsmál.
2. Erindi: Garðavegur 30, mhl. 02.
3. Erindi: Vegagerðin.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi: Elvar Logi Friðriksson -Viðbygging hesthúss.
5. Erindi: Lækjamót II-Lóð1-Reiðhöll.

Afgreiðslur:

- 1a. Deiliskipulag fyrir Dæli í Víðidal. Tillaga að deiliskipulagi var auglýst og lá frammi á skrifstofu Húnaþings vestra frá 6. mars 2013 til 17. apríl 2013. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfísráð vísar tillögunni til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar. Víglundur vék af fundi við afgreiðslu málsins.
 - 1b. Deiliskipulag frístundalóða í landi Litlu-Borgar, Húnaþing vestra. Tillaga að deiliskipulagi var auglýst og lá frammi á skrifstofu Húnaþings vestra frá 6. mars 2013 til 17. apríl 2013. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfísráð vísar tillögunni til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.
 - 1c. Deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu að Ósum á Vatnsnesi, Húnaþing vestra. Tillaga að deiliskipulagi var auglýst og lá frammi á skrifstofu Húnaþings vestra frá 6. mars 2013 til 17. apríl 2013. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfísráð vísar tillögunni til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.
 - 1d. Aðalskipulag, kynning á hvað fór fram á íbúafundi um aðalskipulagið.
2. Skúli Þórðarson, kt.190164-4389 og Sigurbjörg Friðriksdóttir, kt.010759-3909 sækja um leyfi til að rífa geymslu mh. 02-0101, fastanr. 213-3880, bygg.ár 1960, 81,1m² að stærð á Garðavegi 30 (Kambholt), 530 Hvammstanga. Undirrituð hafa í hyggju að byggja upp að nýju umrædda geymslu að hluta eða öllu leyti á sama stað. Byggingaleyfisumsókn, teikningar og önnur gögn vegna þess verða lögð fram síðar. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.
 3. Þorvaldur Böðvarsson f.h. Vegagerðarinnar sækir um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr eftirtölum námum, Illugastaðanámu, Krossanesnámu, Þorfinnsstaðanámu, Hörngshólsnámu, Kjalarnámu í landi Miðhóps, Víðidalstungunámu og Svertingsstaðanámu. Með umsókn þessari fylgir greinagerð með hverri námu, samningur við landeiganda og uppdráttur er

sýnir efnistökusvæðið. Allar ofantaldar námur eru í gildandi aðalskipulagi.
Ráðið samþykkir erindið en leggur til að framkvæmdaleyfi verði ekki veitt lengur en til tveggja ára í senn.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi Elvars Loga Friðrikssonar kt. 300884-3939. Sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu við hesthús sitt að Þórðartröð 8, á Hvammstanga, samanber m.f. teikningum og gögnum, merkt A01 og A02, móttekið dags 2. maí 2013, gerðum af Hauki Árnasyni, kt. 290131-3329, byggingatæknifræðingi.
Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
5. Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449 f.h. Miðdegishóls ehf. kt 610313-0940 sækir um byggingaleyfi fyrir reiðhöll og hesthúsi á nýrri lóð í landi Lækjamóts II, s.kv. uppdrætti frá Ráðbarði sf. nr. LMT1221, LMT1222 og LMT1223, dags. 29. apríl 2013.
Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:55

Guðjón Loftsson (sign.),
Víglundur Gunnþórsson (sign.),
Unnsteinn Andrésson (sign.),

Erla B. Kristinsdóttir (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign),
Árborg Ragnarsdóttir(sign),